

Ed.

37. Tillaga

til þingsályktunar um kennaraskólann í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um ókeypis eða ódýra lóð handa kennaraskólanum við Skólavörðutorgið. Skal lóðin vera svo stór, að þar verði hægt í framtíðinni að reisa allar nauðsynlegar byggingar, er skólinn kann að þurfa með. Sömuleiðis að tryggja, að heitt vatn úr Laugunum verði notað til að hita væntanlegar byggingar kennaraskólans, með sömu skilyrðum og landsspítalann.
2. Að láta gera fyrir næsta þing, í samráði við forstöðumann kennaraskólans og kennaralið skólans, frumdrætti að nauðsynlegum byggingum vegna skólans, er sju miðaðar við áðurnefndan stað.
3. Að láta fullgera teikningu og áætlun um kostnað við heimavist og mötuneyti fyrir alt að 40 nemendur kennaraskólans, og sju húsi þessu ætlaður staður við Skólavörðutorgið, í hæflegri aðstöðu við framtíðarheimkynni skólans.

Greinargerð.

Um leið og landsspítalanum var ákveðin lóðin við Laufásveg, þar sem nú er verið að reisa hann, var ákveðið, að lóð sú, er kennaraskólinn nú stendur á, skuli falla til spítalans. Skólahús kennaraskólans er vafalaust sú opinber bygging í landinu, þeirra er bæta eiga úr alþjóðarþörf, sem minst hefir verið til vandað. Auk þess verður það að rýma fyrir landsspítalanum. Sýnist því auðsætt, að þar sem kennaraskólinn er og á að vera höfuðvirki þjóðmenningar landsins, þá verður að vanda til hans sem best má gera. Verður varla nm það deilt, að honum beri að ætla hæfilegt rúm — einmitt við Skólavörðutorgið. Þar sem nemandur kennaraskólans ern flestir aðkomnir og yfirleitt efnalitlir menn, er heimavist þeirra vegna mjög æskileg.